

Nd.

593. Frumvarp til laga

[238. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Gils Guðmundsson, Jón Skaftason,
Benedikt Gröndal.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

2. gr.

Við 85. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitar-
sjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra
og helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sbr. a- og c-lið þessarar
greinar.

3. gr.

Við 86. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði vegna fræðsluskrif-
stofu vísast enn fremur til síðustu mgr. 85. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Á fundi bæjarstjórnar 5. nóvember 1974 var samþykkt áskorun til Alþingis þess
efnis, að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum
fræðslustjóra. Hafa þessi tilmæli verið ítrekuð við menntamálaráðherra og viðræður
hafa farið fram um málið milli bæjaryfirvalda og þingmanna kjördæmisins.

Árið 1969 stofnaði Hafnarfjarðarbær eigin fræðsluskrifstofu. Jafnframt rék
bærinn fræðslustjóra, samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið.
Hafnarfjörður hafði því að eigin frumkvæði komið þessari stjórnunar- og þjónustu-
aðstöðu upp í sínum skólamállum mörgum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi.
Er eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag fái að halda þessari aðstöðu sinni áfram.

Þegar frumvarp til laga um grunnskóla var til meðferðar á síðustu dögum
þingsins vorið 1974, lá einnig fyrir Alþingi frumvarp til laga um landshlutasam-
tök sveitarfélaga. Hafði það frumvarp hlotið afgreiðslu í fyrri þingdeild ágrein-
ingslítið. Allmörg ákvæði í grunnskólafrumvarpinu voru við það miðuð, að lands-
hlutasamtökunum yrði markað ákveðið hlutverk með lögum. Lög um landshlutasam-
tök hafa hins vegar ekki verið sett.

Það verður að teljast óeðlilegt að fela áhugasamtökum svo veigamikið hlutverk
sem kosningu í fræðsluráð. Frumvarp þetta bætir ekki þá annmarka grunnskóla-
laga, sem stafa af því, að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa ekki fengið lögfest-
ingu. Hins vegar opnar það leið fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til þess að halda
áfram fræðsluskrifstofu í skólahéraði sínu, en það verður að teljast mikilvægt,
m. a. vegna þess, að Hafnarfjörður á ekki aðild að samtökum sveitarfélaga í Reykja-
neskjördæmi og hefur því engin áhrif í fræðsluráði umdæmisins. Auk þess má
benda á, að íbúafjöldi Hafnarfjarðar er um 12 000 eða meiri en í sumum fræðslu-
umdæmum eða kjördæmum.